

Öryggisblöð



UMHVERFISSTOFNUN

Öryggisblöð eru mikilvægur þáttur í vinnuvernd og innihalda m.a. upplýsingar um örugga meðhöndlun og notkun efna og efnablandna. Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum sínum aðgang að slíkum upplýsingum fyrir þau efni eða efnablöndur sem þeir nota eða geta orðið fyrir váhrifum af í starfi sínu.

Reglur um öryggisblöð

Kröfur sem gilda um öryggisblöð koma fram í 31. gr. REACH reglugerðarinnar og í II. viðauka í sömu reglugerð. Þessi reglugerð var innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

Upplýsingar um hættuflokkun og merkingu efna og efnablandna er mikilvægur hluti öryggisblaða. Reglugerð 866/2012 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda innleiddi reglugerð ESB nr. 1272/2008 sem þekkt er undir skammstöfuninni CLP (e. Classification, Labelling and Packaging). CLP er nýtt kerfi um flokkun og merkingu efna og efnablandna og byggir á alþjóðlegu kerfi (GHS) frá 2003 sem ætlunin er að verði notað um allan heim. CLP er innleitt í áföngum til 1. júní 2017 þegar öll efni og efnablöndur eiga að vera komin með CLP merkingar.

Breyttar reglur um öryggisblöð

Þegar CLP tók gildi voru kröfur REACH um samantekt öryggisblaða samræmdar að CLP með reglugerð (EB) nr. 453/2010. Þessi breytingarreglugerð hefur tvo viðauka sem báðir innihalda leiðbeiningar um samantekt öryggisblaða, en gildistími þeirra er ólíkur. I. viðauki

gildir frá 1. desember 2010 - 1. júní 2015 en á því tímabili skulu hrein efni flokkuð og merkt skv. CLP. II. viðauki gildir frá 1. júní 2015 en á því tímabili skulu efnablöndur einnig flokkaðar og merktar skv. CLP.

Þann 1. desember 2010 tók I. viðauki breytingarreglugerðarinnar gildi og kom þá í staðinn fyrir II. viðauka REACH reglugerðarinnar. Þann 1. júní 2015 mun þessum viðauka REACH aftur verða skipt út og þá með II. viðauka breytingarreglugerðarinnar. Með þessu móti eru leiðbeiningar um samantekt öryggisblaða í samræmi við ákvæði reglugerðar CLP.

Skörunartímabil

Á skörunartímabilinu frá 1. desember 2010 - 1. júní 2015 skulu upplýsingar um flokkun og merkingu hreinna efna samkvæmt bæði gamla og nýja kerfinu koma fram á öryggisblaði efnisins.

Ef birgir efnablöndu velur að flokka og merkja efnablönduna samkvæmt CLP fyrir 1. júní 2015 skulu upplýsingar um flokkun og merkingu efnablöndunnar samkvæmt bæði gamla og nýja kerfinu koma fram á öryggisblaði efnablöndunnar.

Þetta þýðir að í dag eiga hrein efni að vera flokkuð og merkt samkvæmt CLP og upplýsingar um slíkt að koma fram á öryggisblöðum efnisins. Þann 1. júní 2015 bætast efnablöndurnar við, en þá skulu þær flokkaðar og merktar samkvæmt CLP og upplýsingar um slíkt að koma fram á öryggisblöðum efnablöndunnar. Fyrir efnablöndur sem voru merktar, pakkaðar og markaðssettar fyrir 1. júní 2015 er í lagi að halda gömlu öryggisblöðunum þar til 1. júní 2017

Reglur um samantekt öryggisblaða eru í II. viðauka REACH-reglugerðarinnar. Viðaukinn er aðlagður að nýjum reglum um flokkun og merkingu efna og efnablandna (CLP) og breytist á tímabilinu 2010-2015. Frá og með desember 2010 áttu öryggisblöð með upplýsingum um flokkun og merkingu skv. CLP að fylgja öllum hreinum efnum og frá 1. júní 2015 bætast efnablöndurnar við. Fyrir efnablöndur sem voru merktar, pakkaðar og markaðssettar fyrir 1. júní 2015 er í lagi að halda gömlu öryggisblöðunum þar til 1. júní 2017 en þá skulu öryggisblöð með upplýsingum um flokkun og merkingu samkvæmt CLP fylgja öllum efnablöndum.

öryggisblöðunum þar til 1. júní 2017 en þá skulu öryggisblöð með upplýsingum um flokkun og merkingu samkvæmt CLP fylgja öllum efnablöndum.

Hvenær þarf að útbúa öryggisblöð?

Útbúa þarf öryggisblöð fyrir efni eða efnablöndu ef:

- efnið eða efnablandan flokkast sem hættulegt í samræmi við reglugerð nr. 866/2012 eða 236/1990,
- efni er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad í samræmi við XIII. viðauka REACH
- efnið er tilgreint á listanum yfir sérlega varasöm efni skv. 59 gr. REACH vegna annarrar ástæðu.

Hverjir eiga að fá afhent öryggisblöð?

Þegar efni eða efnablanda er seld til aðila sem ætlar að nota hana í atvinnuskyni eða selja hana áfram í smásölu, þá skal birgir vörunnar láta öryggisblöð fylgja með vörunni.


Einnig geta þessir sömu aðilar, sem ætla að nota efni eða efnablöndu í atvinnuskyni eða selja hana áfram í smásölu, óskað eftir öryggisblöðum ef efnablandan

uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem hættuleg í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 en inniheldur:

a) a.m.k. eitt efni sem skapar hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 1\%$ m.v. þyngd fyrir efnablöndu, sem er ekki loftkennd, og $\geq 0,2\%$ m.v. rúmmál fyrir loftkennda efnablöndu eða

b) a.m.k. eitt efni sem er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka REACH um efnablöndur og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 0,1\%$ m.v. þyngd í efnablöndu, sem er ekki loftkennd, eða hefur af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a-lið verið fært í skrána sem tekin var saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr. eða

c) efni sem fellur undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum.



Upplýsingar á öryggisblöðum / fyrirsagnir

Öryggisblöðin skulu vera dagsett og innihalda eftirfarandi 16 fyrirsagnir ásamt undirfyrirsögnunum sem skráðar eru, nema í 3. lið þar sem aðeins þarf að hafa með undirliði 3.1 og 3.2, eftir því sem við á.

1. Auðkenning efnisins eða efnablöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1. Vörukenni
- 1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá
- 1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins
- 1.4. Neyðarsímanúmer

2. Hættugreining

- 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar
- 2.2. Merkingaratriði
- 2.3. Aðrar hættur

3. Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1. Efni
- 3.2. Blöndur

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

- 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi
- 4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir
- 4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

- 5.1. Slökkvibúnaður
- 5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar
- 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

- 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir
- 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins
- 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar
- 6.4. Tilvísun í aðra liði

7. Meðhöndlun og geymsla

- 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun
- 7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika
- 7.3. Sértek, endanleg notkun

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar

- 8.1. Takmörkunarfærubreytur
- 8.2. Váhrifavarnir

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

- 9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika
- 9.2. Aðrar upplýsingar

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1. Hvarfgirni
- 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki
- 10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi
- 10.4. Skilyrði sem ber að varast
- 10.5. Ósamrýmanleg efni
- 10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

- 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

12. Vistfræðilegar upplýsingar

- 12.1. Eiturhrif
- 12.2. Þrávirkni og niðurbrottanleiki
- 12.3. Uppsöfnun í lífverum
- 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi
- 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.
- 12.6. Önnur skaðleg áhrif

13. Förgun

- 13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

14. Upplýsingar um flutninga

- 14.1. UN-númer
- 14.2. Rétt UN-sendingarheiti
- 14.3. Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga
- 14.4. Þökkunarflokkur
- 14.5. Umhverfishættur
- 14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda
- 14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

- 15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis
- 15.2. Efnaöryggismat

16. Aðrar upplýsingar

Hvenær þarf að uppfæra öryggisblöð?

Öryggisblöð skulu uppfærð:

- um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,
- þegar markaðsleyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um markaðsleyfi,
- þegar takmarkanir hafa verið settar

Þessi nýja, dagsetta útgáfa, tilgreind sem „Endurskoðun: (dags)“ skal afhent á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem hafa fengið afhent efnið eða efnablönduna síðustu 12 mánuði. Skráningarnúmer skal vera á öllum uppfærðum öryggisblöðum eftir skráningu.

Þetta þýðir að birgir skal senda uppfært öryggisblað á pappírformi eða rafrænt til viðtakandans (eftirnotenda eða dreifanda) sem ætlar að nota efnið eða efnablönduna í iðnaðarstarfsemi/faglega starfsemi og/eða selja hana áfram í smásölu.

Hver má taka saman öryggisblöð?

Í II. viðauka við REACH reglugerðina segir að öryggisblöð skuli rituð á skýran og gagnorðan hátt og skal orðalagið vera einfalt. Þar til bær aðili skal útbúa öryggisblöðin og skal hann taka tillit til sértækra þarfa notenda þeirra, eftir því sem vitað er um þær. Birgjar efna og efnablandna skulu sjá til þess að þeir sem útbúa fyrir þá öryggisblöð hafi fengið viðeigandi þjálfun, með viðeigandi símenntun.

Hver sá sem tekur saman öryggisblöð skal búa yfir nægilega mikilli þekkingu til að skilja hvað átt er við undir hverjum og einum lið en skal að öðrum kosti ráðfæra sig við annan sérfræðing á þessu sviði. Orðalag öryggisblaða skal vera einfalt skýrt og nákvæmt, forðast skal fagmál og skammstafanir.

Á hvaða tungumáli og formi?

Öryggisblöð skulu vera á íslensku og afhend á pappírformi eða rafrænt, án endurgjalds.

Váhrifasviðsmyndir

Með REACH reglugerðinni var innleidd sú regla að ef efni eða efnablanda er framleidd eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 10 tonn á ári skal skráningaraðilinn gera s.k. efnaöryggisskýrslu. Í henni

eru skráðar niðurstöður úr sérstöku efnaöryggismati. Styrkur efna í efnablöndu þarf að ná ákveðnu marki til að þetta ákvæði gildi.

Efnaöryggismat felur í sér:

- mat á hættu fyrir heilbrigði manna,
- eðlisefnafræðilegt hættumat,
- mat á hættu fyrir umhverfið,
- mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum (PBT) efna og
- mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) í lífverum.

Ef skráningaraðilinn kemst að því, eftir ofangreint mat, að efnið uppfylli viðmiðanirnar þannig að það flokkist sem hættulegt eða er metið sem PBT-efni eða vPvB-efni þá skal gera mat á áhrifum. Í því felst gerð váhrifasviðsmyndar og áhættulýsingu sem nær til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans.

Eftirnotendur eiga rétt á að upplýsa skráningaraðilann um sína notkun til að fá hana metna inn í váhrifasviðsmyndina. Ef eftirnotandi efnis uppfyllir ekki þau skilyrði sem lýst er í váhrifasviðsmynd efnis/efnablöndu, skal hann taka saman sína eigin efnaöryggisskýrslu, með ákveðnum undantekningum þó. Eftirnotendur eru þeir sem nota efnið/efnablönduna í atvinnuskyni.

Allir aðilar í aðfangakeðjunni sem er skylt að taka saman öryggisskýrslu skulu láta viðeigandi váhrifasviðsmyndir fylgja í viðauka við öryggisblaðið, sem tekur til tilgreindrar notkunar. Þannig er safnað saman upplýsingum um hugsanlega áhættu efnis/efnablöndu og örugga notkun og hún gerð aðgengileg í aðfangakeðjunni.

Nánari upplýsingar

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

<http://www.ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>

Á heimasíðu Efnastofnunar Evrópu:

<http://echa.europa.eu/en/regulations/reach/safety-data-sheets>